

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

1. gr.

Hvar sem orðið „Umhverfisstofnun“ í hvers konar beygingarfalli, kemur fyrir í reglugerðinni, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka reglugerðarinnar.

Eftirfarandi starfsemi er bætt við í stafrófsröð:

Dýragæsla.

Dýralæknastofa.

Fangagæsla (Fangelsi áfram starfsleyfissskyld).

Garðauðun.

Gæludýraverslun.

Heilsugæslustöð.

Hestaleiga og/eða reiðskóli.

Hundahótel.

Húðflúrstofa og stofa þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr.

Íþróttahús.

Íþróttavöllur.

Leiksvæði (önnur en við leik- og grunnskóla).

Nálastungustofa.

Nuddstofa.

Samgöngumiðstöð.

Samkomuhús.

Snyrtistofa.

Starfsmannabúðir.

Stofa þar sem gerðar eru aðgerðir, svo sem læknastofa og fótaaðgerðarstofa.

Útihátíð.

Veitingastaður.

Verslunarmiðstöð.

Þvottahús (ekki ullarþvottarstöðvar).

3. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. og 1. og 20. tölul. 5. gr. laganna. Reglugerðin er sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um hlutverk heilbrigðisnefnda við framkvæmd reglugerðar þessarar. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, []. júní 2025

Jóhann Páll Jóhannsson.

Stefán Guðmundsson.